

HAFSTEINN AUSTMANN



HAFSTEINN AUSTMANN

Hafsteinn Austmann fæddist á Ljótsstöðum í Vopnafirði 19. júlí 1934. Strax í Gagnfræðaskóla var afráðið hvert skyldi stefnt. Árið 1951 innritast hann í Myndlistaskólanum í Reykjavík og á árunum 1952-54 stundaði hann síðan nám í Handiða- og myndlistaskólanum. Hleypti hann þá heimdraganum og innritaðist í Academi de la Grande Chaumier í París, þar sem hann stundaði framhaldsnám í einn vetrur. Á þessum tíma var Nina Tryggvadóttir þegar orðin þekktur listamaður í París. Hún sýndi hinum unga landa sínum vinsemdu og áhuga. Það var fyrir hennar tilstilli að Hafsteini var boðið að sýna með hinum virta sýningaráhóp Realités Nouvelles í París vorið 1955. Hafsteinn hafði kynnst hinni geometrisku afstaktlist í París og tileinkaði sér nú þá liststefnu. Í stað þess að tryggja sig frekar í sessi meðal kollega í París heldur Hafsteinn aftur heim til Íslands.

Fyrstu sjálfstæðu sýningu sína hér á landi opnar Hafsteinn svo í Listamannaskálanum árið 1956. Á sýningunni voru 70 verk, unnin í margvisleg efni, oliumyndir, vatnslitamyndir, guachemyndir, auk verka unnum í tré. Pessi fyrsta sýning Hafsteins vakti mikla athygli og fékk lofsamlega dóma. Hjörleifur Sigurðsson skrifaði m.a. um þá sýningu: „Pótt Hafsteinn Austmann hafi ekki málað lengi, kveður hann sér hljóðs á þann hátt, að menn hljóta að leggja við hlustirnar. Af eldri myndum varð fátt ráðið um hæfileika hans en nýju oliumálverkin taka af allan vafa. Hér er gott málaraefni á ferð. Einkum virðist litakenndin upprunaleg, eins og raunar hjá flestum íslenskum málurum sem einhver töggur er í“. Á þessum árum vinnur Hafsteinn jöfnum höndum með oliulitum og vatnslitum, en eftir sína aðra sjálfstæðu sýningu í Listamannaskálanum 1958 tók hann til við að mala eingöngu með vatnslitum. Afrakstur þeirrar vinnu sýndi hann svo í Bogasalnum vorið 1960.

Hafsteinn hafði nú þróast frá dökkum og þungum flatarmálsmyndum, sem komu fram á fyrstu sýningu hans, yfir í léttar ljóðrænar afstrakmyndir. Sýningin vakti mikla athygli, sérlagi þar sem hér var á ferðinni ein fyrsta sýning hér á landi þar sem eingöngu voru sýndar vatnslitamyndir. Myndirnar voru skemmtilega ólikar en mynduðu heildstæða sýningu.

Á árinu 1965 fer Hafsteinn í náms- og skoðunarferðir viða um Evrópu. Hann dvelur um nokkura mánaða skeið í Róm, heimsækir auk þess París, London, Amsterdam, Kaupmannahöfn og Stokkhólum. Áhrif og afsprengi þessarar ferðar mátti sjá á sýningu hans í Unuhúsi haustið 1966, verkin voru rómantískari og formin frjálslegri. Samfara húsbyggingu og nýrri vinnustofu tekur nú við tímabil mikillar tilraunastarfsemi, ýmis ný efni eru notuð, en viðfangsefnið að öðru leyti hið sama. Á árunum 1968-69 dvelur hann í tæpt ár í Árósum í Danmörku, málar mikið og sýnir með sýningaráhópnum „Guirlanden“. Næstu sýningu hér heima heldur hann á Kjarvalstöðum vorið 1971. Þar kemur hann fram þróttmeiri og djarfari en fyrir og mun léttara er yfir verkum hans. Svört form og línlur byggja nú upp myndir hans og túlkun hans er persónulegri.

Hafsteinn hefur hin síðari ár jöfnum höndum unnið með vatnslitum, acryllitum og oliulitum. Hann hefur frá sinum fyrstu kynnum af afstraktlistinni haldið tryggð við hana, hann hleypur ekki úr einum stil í annan, en miklar framfarir hafa átt sér stað í myndlist hans. Hann er átakamaður í list sinni og litameðferðin er hans sterka einkenni. Hann fer sér hægt og vinnur vel úr efniviðnum og ræður nú yfir meiri tækni en flestir okkar afstaktmálara. Hafsteinn er í stöðugri framþróun. Hann er trúr í sinni list. Hafsteinn unir sér nú við list sína í nýrri vinnustofu í Skerjafirðinum.

Porsteinn Jónsson

Hafsteinn Austmann was born at Ljótsstaðir in Vopnafjörður on the north-east coast of Iceland on July 19th, 1934.

His vocation was settled already in secondary school and he enrolled in the Reykjavík School of Arts in 1951, going on to further art studies at the Icelandic School of Arts and Crafts, also in Reykjavík, from 1952-1954.

Austmann then left Iceland and spent one year at the Académie de la Grande Chaumière in Paris as a postgraduate. Another Icelandic artist, Mrs. Nina Tryggvadóttir, was by then well established in artistic circles in the city. She took interest in her young colleague and compatriot and was instrumental in securing an invitation for him to take part in the exhibition of the distinguished *Réalités Nouvelles* group in the spring of 1955. At the time, Austmann was an adherent and apostle of the geometric abstract school of painting. But instead of staying on in Paris to build up his reputation there, he set sails for home.

Hafsteinn Austmann's first independent exhibition in Iceland opened in Listamannaskálinn (The Artists' Gallery) in 1956. On show were 70 paintings in all, oils, water colours, gouaches as well as some wooden sculptures. The exhibition aroused a good deal of interest and was favourably received. Wrote one of the critics: "Hafsteinn Austmann is a young painter now stepping into the limelight who deserves attention. His earlier paintings are not very revealing, but his more recent works establish him beyond all doubt as a very promising artist. His greatest originality lies in his handling of colour and in this he resembles many of our most noteworthy artists".

During this period Austmann paints both in oils and water colours, devoting himself exclusively to the latter after a second independent exhibition in Listamannaskálinn in 1958. The fruits of those labours went on exhibition in 1960 in the Bogasalur gallery in

the National Museum, testifying to his artistic development and departure from the earlier dark and weighty geometrical forms for a lighter and more poetic abstract expression. The 1960 exhibition, unique on the Icelandic art scene in that it consisted solely of water colours, was a success. The paintings were diverse, yet blended into a composite whole.

In 1965 Austmann went abroad for an extended study tour in Europe, spending some months in Rome and visiting Paris, London, Amsterdam, Stockholm and Copenhagen. The impressions received in the course of these journeys were very much in evidence in the paintings he exhibited in Iceland in the autumn of 1966, showing an inclination towards more romantic and less rigid forms. A fruitful period of work in a new studio in Reykjavík brings experiments with new materials, although the artist's subject matter remained the same. In 1968-69 Austmann was living in Århus, Denmark, where he took part in the exhibitions of the "Guirlanden" group in the course of a very productive year.

His next exhibition in Iceland was at Kjarvalsstadir, the Municipal Art Gallery in Reykjavík, in the spring of 1971. His work had by now acquired more force and daring, his touch had become lighter and his style more distinctive, with characteristic black forms and lines constituting a personal imprint. Recently Hafsteinn Austmann has been executing works in both water colours, acrylic paint and oils. He has always remained loyal to the concept of abstract art, constantly evolving within it. He is a direct and forceful artist, whose hallmark is his handling of colour. He works slowly to extract the maximum from his subject and his technique is superior to that of most of his fellow abstract painters. Faithful to his calling and true to himself Hafsteinn Austmann is an artist in steady progress.

Porsteinn Jónsson



Rjóður 1983

Vatnslitur 41 x 28 cm

Clearing 1983

Water colours 41 x 28 cm


Ólafsdóttir 83

Komposition 1955

Oil 85 x 105 cm

Composition 1955

Oil on canvas 85 x 105 cm



Einkasýningar í Reykjavík:

Listamannaskálanum v/Austurvöll:

1956, 1958 og 1964.

Bogasal Pjóðminjasafnsins:

1960 (vatnslitamyndir) og 1971

„Unuhús“ Veghúsastig: 1966 og 1968.

Kjarvalsstöðum: 1974.

„Loftið“ Skólavörðustíg: 1975 (vatnslitamyndir).

Vinnustofu málaraðs Hörpugötu 8: 1979.

Kjarvalsstöðum: 1981.

Listasafni ASÍ.: 1983 (vatnslitamyndir).

Kjarvalsstöðum 1984

Galleri Íslensk list, Vesturgötu 17 (vatnslitamyndir)

Helstu samsýningar:

Salon de Réalités Nouvelles, París 1955.

Flestum samsýningum FÍM. í Reykjavík

1956 til 1977.

Moskvu 1957

Nordisk kunstforbund Odense 1959.

Biennale de Parie 1961 og 1963.

Helsinki Ateneum Helsingfors 1963.

Hässelby slot, Stockholm 1965.

Liljevalchs Konsthall 1967.

Nordisk kunst, Hannover 1967.

Edinburghs festival 1967.

Guinlanden Rådhushallen i Århus 1969.

Norraen myndlistarsýning, Listahátið í Reykjavík 1972.

Íslensk myndlist í 1100 ár, Kjarvalsstöðum 1974.

18 íslenskir myndlistamenn:

Bergen, Kiruna og Luleå 1975.

Guirlanden Århus 1976.

Sumarsýning Norraena hússins 1979.

Listmálarafélagið Kjarvalsstöðum 1982 og 1983.

Biennale der Ostseeländer Rostock 1983.

Individual expositions in Reykjavík:

In the Listamannaskálinn (Artists' Gallery) Reykjavík:

1956, 1958 and 1964

In the National Museum's Bogasalur gallery:

1960 (water colours) and in 1971.

In "Unuhús" Reykjavík: 1966 and 1968

At Kjarvalsstaðir (The Municipal Art Gallery), Reykjavík: 1974 and 1981

At "Loftið", Skólavörðustígur, Reykjavík: 1975 (water colours)

In the artist's studio at Hörpugata 8, Reykjavík: 1979

At the ASÍ (Labour Unions') Art Gallery: 1983 (water colours)

At Kjarvalsstaðir 1984

At Gallery Icelandic Art 1984 (water colours)

Principal collective shows:

Salon des Réalités Nouvelles, Paris 1955

Most FÍM (Association of Icelandic Artists) collective shows in Reykjavík in the years 1956 to 1977

Moscow 1957

Nordisk Kunstforbund, Odense, 1959

Biennale de Paris 1961 and 1963

Helsinki Ateneum, Helsinki, 1963

Hässelby slot, Stockholm, 1965

Liljevalch Konsthall, 1967

Nordisk Kunst, Hannover 1967

The Edinburgh Festival 1967

Guirlanden exposition, Rådhushallen, Århus, 1969

Nordic Art Show, Reykjavík Arts Festival 1972

Icelandic art though 1100 years of history,

Kjarvalsstaðir 1974

18 Icelandic Artists – travelling exhibition – Bergen, Kiruna and Luleå 1975

Guirlanden, Århus 1976

The Nordic House Summer Show 1979

Listmálarafélagið (The Painters Association),


Kjarvalsstaðir 1982 and 1983

Biennale der Ostseeländer, Rostock 1983.

H. Austmann

Heimilisfang:
Hörpugata 8
101 Reykjavík, Ísland.

Adress:
Hörpugata 8
101 Reykjavík, Iceland



Forsíðumynd:

Gleittur 1984

Ölja 100 x 120 cm

Front cover:

Caprices 1984

Oil on canvas 100 x 120 cm

Speglanir 1959

Vatnslitur 33 x 48 cm

Reflections 1959

Water colours 33 x 48 cm

